Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Stofnaður 2004

**Framgangur umbótaáætlunar frá október 2021**
**Unnið af Hermanni Hermannssyni formanni Gæðaráðs og Hrafnhildi Hallvarðsdóttur skólameistara.**

| Matsþáttur | Tækifæri til umbóta | Tillögur skóla að umbótum | Ábyrgðaraðili | Hvenær hefst? | Hvenær lokið? | Hvernig metið? | Framkv. og lok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þáttur 1: Stjórnun og skipulag** | | | | | | | |
| Mikilvægt er að hrinda áformum um endurskoðun á meginstefnu skólans í framkvæmd og skerpa á sérstöðu skólans og áherslum til lengri og skemmri tíma. | Skerpa þarf á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans | Á vormánuðum 2021 fór af stað vinna, undir handleiðslu fagaðila, sem miðaði að því að skýra megingildi og framtíðarsýn skólans. Með því var stefnt á að formfesta hvað skólinn stendur fyrir. | Skólameistari Mannauðsstjóri | Vor 2021 | Vor 2023 | Gæðaráð metur með því að leggja fyrir könnun og rýni með rýnihópum. | Meginstefna skólans hefur verið endurskoðuð. Stefnan var endurskoðuð með starfsfólki á vinnudögum vorið 2021, 2022 og 2023. Einnig var unnið að endurskoðuninni yfir skólaárið undir stjórn mannauðsstjóra og skólameistara. |
| Fastsetja þarf fundi í skólaráði og skólanefnd og nýta betur formlegan vettvang til ákvarðanatöku s.s. starfsmanna- | Fastsetja þarf fundi í skólaráði og nýta þann vettvang með markvissari hætti til | Skólameistari útbýr fundaplan. | Skólameistari. | Haust 2021 | Vor 2022 | Gæðaráð metur. | Fundartímar skólaráðs hafa verið fastsettir og fundarefni ákveðin að hausti. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| og kennarafundi og húsfundi. | umræðna og ákvarðanatöku | | | | | | |
| Innra mat má bæta með því að bera fyrri niðurstöður saman við ný gögn og skilgreina matsviðmið skýrar. | Setja þarf fram skýr matsviðmið og gera grein fyrir matsniðurstöðum með hliðsjón af þeim | Mælingar á milli ára bornar saman við fyrri niðurstöður og ný matsviðmið sett fram. | Skólameistari. Mannauðsstjóri. | Haust 2021. | Haust 2022. | Matsviðmið verða sýnileg á heimasíðu skólans og niðurstaða á mati verður í sjálfmatsskýrslu. | Niðurstöður eru bornar saman við ný gögn og unnið er að skilgreiningu matsviðmiða. |
| Styðja má betur við kennara til að sinna agavandamálum og tryggja vinnufrið. | Spurt verður um vinnufrið í rýnihópum og könnun um aðstöðu og skipulag kennslu á vorönn. | Fagstjórar fara yfir þessi mál á fundum og bjóða kennurum stuðning ef þeim þykir þörf á því. | Skólameistari. Mannauðsstjóri. Fagstjórar. | Vor 2022. | Haust 2022. | Metið með kennslumatskönnunum og í viðtölum við rýnihópa. Kynnt í sjálfsmatsskýrslu. | Umsjónakennarafundir eru haldnir reglulega til að styðja betur við kennara |
| Efla þarf tengsl kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði. | Ferðir kennara í Framhaldsdeild skipulagðar á skóladagatali. | Kennarar fá greitt fyrir ferðir á Patreksfjörð skv. Stofnanasamningi FSN við kennara. | Skólameistari. | Vor 2022. | Vor 2023. | Metið hversu oft kennarar fara til Patreksfjarðar og rýniviðtöl við nemendur í framhaldsdeild. | Kennarar fá nú sérstaklega greitt fyrir ferðir á Patreksfjörð og ferðirnar eru skipulagðar fyrirfram í þeim tilgangi að efla tengsl kennara við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði. Kennarar fara reglulega í Framhaldsdeildina yfir |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | skólaárið, milli þess sem nemendur deildarinnar koma í námslotur í FSN. |
| **Matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Tillögur skóla að umbótum** | **Ábyrgðaraðili** | **Hvenær hefst?** | **Hvenær lokið?** | **Hvernig metið?** | **Framkv. og lok** |
| **Þáttur 2: <u>Kennsla og námsframboð</u>** | | | | | | | |
| Tryggja þarf aðgengi að fjölbreyttu námi þó svo að árgangar séu misfjölmennir og eftirspurn breytileg á svæðinu. | Möguleikar dreifmenntunar verða nýttir til þess að námframboð verði fjölbreytt. | Endurskoða námsbrautir og vinna að fjölgun fjarnema til að geta haldið úti námsframboði þar til árgangar á upptökusvæði skólans fara að stækka aftur. | Skólameistari. Mannauðsstjóri. Áfangastjóri. | Vor 2023 | Vor 2024 | Breyttar námsbrautir komnar á vef skólans og inn á námsvefinn INNU. | Námsframboð er í sífelldri endurskoðun en uppfærðar <u>námsbrautir</u> eru nú komnar á vef skólans. Fjarnemum hefur fjölgað. |
| Samræma má leiðbeiningar um endurgjöf frá kennurum í símatsleið skólans svo það nýtist nemendum sem best. | Kennarar eru hvattir til að veita nemendum markvissa endurgjöf þar sem áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat í stað lokaprófa. | Stjórnendur leggja áherslu á mikilvægi þess að kennarar gefi nemendum góða endurgjöf sem nýtist þeim vel. | Skólameistari. | Haust 2022 | Árleg endur-skoðun. | Kannanir sem eru lagðar fyrir nemendur og rýnihópar nemenda og kennara. | Tvisvar á önn fá nemendur umsögn frá kennurum. Á vinnudögum í maí 2023 fengu kennarar fyrirlestra og þjálfun í leiðsagnarmati og endurgjöf. |

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari
Grundarfjörður 19.03.2025

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meta þarf áhrif þess að leggja lokapróf af og hvernig markmiðum símats í þágu nemandans er náð. | Leggja kannanir fyrir nemendur sem eru á lokaári og þá sem hafa útskrifast. | Þjálfa nemendur í að undirbúa sig fyrir próftöku. | Skólameistari. Náms- og starfsráðgjafi. | Haust 23 | Árleg endur-skoðun. | Kannanir sem eru lagðar fyrir nemendur og rýnihópar nemenda og kennara. | Þó löng lokapróf séu ekki notuð í FSN sem námsmatsaðferð þá fá nemendur annars konar þjálfun í próftöku. Sú þjálfun er að skila þeim undirbúnum fyrir framhaldsnám. |
| Endurmeta þarf móttökuáætlanir og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku. | Stofna starfshóp sem endurmetur móttökuáætlanir og stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku. | Stuðningur aukinn við nemendur með annað móðurmál en íslensku. | Skólameistari. Náms- og starfsráðgjafi, deildarstjóri stoðþjónustu. | Haust 23 | Vor 25 | Móttökuferli og stoðkerfi fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. | Stoðþjónustuteymi ásamt skólameistara fundaði og fór yfir móttökuferli fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku ásamt stoðþjónustu við þann hóp nemenda. |
| Leita þarf leiða til að styðja betur við nemendur með sértæka námsörðugleika. | Efla þarf enn frekar þau námsúrræði og stuðning við nemendur með sértæka námsörðugleika. | Námsúrræði og stuðningur við nemendur með sértæka námsörðugleika verða endurskoðuð og upplýsingar gerðar sýnilegar á heimasíðu skólans. | Námsráðgjafi. Þroskaþjálfi, sérkennari. | H23 | v25 | Námsúrræði gerð sýnileg á heimasíðu skólans.<br>Kynning fyrir nemendur, starfsfólk og foreldrar á hverju hausti. | Deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, aðstoðarskólameistari og skólameistari ákváðu ferli til að styðja betur við nemendur með sértæka námsörðugleika og aukið við stuðning við nemendur á |

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari
Grundarfjörður 19.03.2025

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | framhaldsskólabrautu m. |
| Efla þarf formlega eftirfylgd með þróunarverkefnu m. | Mannauðsstjóri sér um formlega eftirfylgd með þróunarverkefnu m | Tímaplan sett upp til að fylgja eftir þróunarverkefnu m | Mannauðsstjóri . Skólameistari. | Haust 23. | Verður í sífelldri endur-skoðun | Gæðaráð metur eftirfylgnina og skoðar skýrslu um eftirfylgd með þróunarverkefnum. | Skýrsla um eftirfylgd þróunarverkefna hefur verið birt á heimasíðu. |
| **Matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Tillögur skóla að umbótum** | **Ábyrgðaraðili** | **Hvenæ r hefst?** | **Hvenær lokið?** | **Hvernig metið?** | **Framkv. og lok** |
| **Þáttur 3. Samskipti og líðan** | | | | | | | |
| Auka virkni í foreldraráði og gera áætlun um hvernig fá megi foreldra til samstarfs. | Auka virkni í foreldraráði og gera áætlun um hvernig fá megi foreldra til samstarfs. | Hafa persónulega samband við 2-3 foreldra sem eru líklegir til að geta virkjað foreldrastarfið. | Skólameistari | Haust 23 | Haust 24 | Hvort að foreldrafélag hafi verið stofnað og stjórn þess mönnuð. | Stjórn foreldrafélags FSN, þ.e. foreldraráð stofnað í janúar 2025 |
| Huga mætti að leiðum til að koma gildum skólans á framfæri við nemendur. | Nú þegar ákvörðun hefur verið tekin um einkunnaorð skólans, má fara að huga að leiðum til að koma þeim gildum á framfæri við nemendur og | Vinna með gildin á húsfundum. | Mannauðsstjóri | H23 | V25 | Nemendur sýna þekkingu á gildum skólans í könnunum. | Húsfundur vorið 2025 þar sem gildin verða kynnt nemendum. Ný einkunnaorð: Frumkvæði, sjálfstæði, nýsköpun |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | gera þau sýnileg í kennslu og kennsluáætlunum. | | | | | | |
| Gæta þarf vel að frávikum í niðurstöðum kannana á líðan starfsmanna og tryggja eftirfylgd með umbótum. | Fylgjast betur með líðan starfsfólks. | Skólaárið 2022-2023 var tekið upp samstarf við HR Monitor til að fylgjast betur með líðan starfsfólks. | Skólameistari. Mannauðsstjóri | H23 | V25 Höfum sagt upp HR Monitor frá maí 2025 | Niðurstöður HR Monitor kannana, Stofnun ársins og viðhorfskannanir og rýnihópar. | Skýrsla með samantekt á líðan starfsfólk skv. Niðurstöðum úr HR Monitor, Stofnun ársins, viðhorfskönnunum og rýnihópum. |
| Huga mætti að meiri tengslum við aðliggjandi skólastig. | Virkja tengsl við framhalds- og háskólastig | Koma á samskiptum milli kennara og stjórnenda á öðrum skólstigum. | Skólameistari. Mannauðsstjóri | v22 | Lýkur ekki | Skráning á tengslum við aðliggjandi skólastig. | Skólameistarar í þremur framhaldsskólum í nærumhverfi skólans funda reglulega. |
| Æskilegt að til séu verkferlar til að taka formlegar á samskipta- og agavandamálum og ef ágreiningur rís. | Æskilegt er að til séu verkferlar sem skilgreina verklag ef upp koma samskipta-vandamál eða ágreiningsmál innan skólans. | Uppfæra viðbragsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. | Mannauðsstjóri. Skólameistari Jafnréttisfulltrúi | Vor22 | H22 | Viðbragðsáætlun sýnileg inn á heimasíðu skólans og kynnt reglulega fyrir nemendum og starfsfólki. Unnið að EKKO viðbragðsáætlun. | V25 Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni og ofbeldis er á heimasíðu skólans. |

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari
Grundarfjörður 19.03.2025

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Tillögur skóla að umbótum** | **Ábyrgðaraðili** | **Hvenær hefst?** | **Hvenær lokið?** | **Hvernig metið?** | **Framkv. og lok** |
| **Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður** | | | | | | | |
| Bæta þarf aðstöðu og búnað til raungreinakennslu. | Meta þarf þörf á endurnýjun á búnaði í raungreinastofu | Þarfagreining á aðstöðu í raungreinastofu. | Skólameistari, raungreina-kennarar, umsjónamaður fasteigna. fagstjóri raungreina. | Haust 21 | Haust 22 | Aðstaða til raungreinakennslu bætt. | Verður endurskoðað árlega. Á hverri önn er farið yfir búnað, efni og öryggiskröfur. |
| Huga þarf að bókakosti og nýsigögnum skólasafns. | Á ekki við um bókakost þar sem nemendur nýta bókasöfn á svæðinu. | Vísir að Fab Labi var stofnaður í FSN haustið 2018. | Skólameistari. Umsjónarmaður FAB LAB | H18 | Lýkur ekki, höldum áfram að byggja upp FA LAB | Gæðaráð tekur út aðstöðu í tæknirými og tekur viðtöl við umsjónarmann FAB LAB | Lýkur ekki. |
| Kennarar búa við talsverð þrengsli í vinnuherbergi þeim ætlað. | Endurnýja húsbúnað. | Þarfagreining verður gerð á vinnurými með það að leiðarljósi að létta á þrengslum og bæta kost kennara, m.a. | Mannauðsstjóri. Fjármálstjóri. Húsvörður. | Vor 22 | Sumar 22. | Bætt vinnuaðstaða í vinnuherbergi kennara, endurnýjun á stólum og borðum. Fleiri vinnurými. | Lokið haust 22. |

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari
Grundarfjörður 19.03.2025

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | varðandi vinnuborð og stóla. Fjölga möguleikum á vinnurýmum fyrir kennara. | | | | | |
| **Matsþáttur** | **Tækifæri til umbóta** | **Tillögur skóla að umbótum** | **Ábyrgðaraðili** | **Hvenær hefst?** | **Hvenær lokið?** | **Hvernig metið?** | **Framkv. og lok** |
| **Þáttur 5: Lykilárangur** | | | | | | | |
| Ráðast þarf í markvissa könnun á viðhorfum brautskráðra nemenda gagnvart undirbúningi þeirra fyrir framhaldsnám eða störf. | Vinna reglulega könnun á viðhorfum brautskráðra nemenda. | Stofna hóp útskriftarnemenda sem bætt verður í við hverja útskrift og hafa samband við þann hóp reglulega. | Gæðaráð. Mannauðsstjóri. | H23 | Alltaf virkt og í endurskoðun. | Með viðhorfskönnunum og í sjálfsmatsskýrslu. | Gæðaráð leggur könnun fyrir útskriftarnemendur og tekur rýnihópsviðtöl við þann hóp. |
| Virk tengsl við framhalds- og háskólastig um nám nemenda hafa ekki verið skráð | Bæta skráningu á tengslum við önnur skólastig. | Taka upp reglulega skráningu á tengslum við framhalds- og háskólastig. | Mannauðsstjóri. Námsráðgjafi. Skólameistari. | H23 | Alltaf virkt. | Gæðaráð. Sjálfsmatsskýrsla. | Skrá um tengsl við önnur skólastig. Sem dæmi má nefna samráðsfundi á vorin með HÍ og HR með framhaldsskólum. |

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari
Grundarfjörður 19.03.2025